

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðanda sýslusjóðsreikninga Norður-Ísafjarðarsýslu árlega. Skal landlækni sent eitt eintak reikninga sjóðsins, áður en tillag ríkisins til sjóðsins verður greitt fyrir næsta ár.

46

13. marz

9. gr.

Sjóðstjórnin skal haga þannig starfsemi sjóðsins, að þeir héraðsbúar, sem eru í sjúkrasamlagi, verði að öðru jöfnu eigi verr settir að því, er tekur til aðstoðar sjóðsins, en aðrir héraðsbúar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 13. marz 1946.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

47

13. marz

fyrir læknisvitjanasjóð Hálshrepps í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Hálshrepps í Akureyrar- og Höfðahverfis-læknishéruðum og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja íbúa Hálshrepps til læknisvitjana eða auðvelda þeim lækniþjónunina á annan hátt og hlynna að heilbrigðismálum hreppsins.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru hreppstjórnin í Hálshreppi og tveir menn aðrir, kosnir af hreppsnefnd. Hreppstjórnin er formaður sjóðstjórnarinnar og jafnframt reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tillag ríkissjóðs, er nemur á ári 2 krónum á hvern íbúa Hálshrepps.
2. Tillag hreppsins, er nemur á ári 1 krónu á hvern hreppsúa.
3. Áheit og aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að áskotnast.
4. Læknisvitjanastyrkur, sem veittur kann að verða.

5. gr.

Að liðnu hverju almanaksári og fyrir lok janúarmánaðar næsta ár úthlutar sjóðstjórnin styrkjum úr sjóðnum að fengnum umsóknum þeirra, er styrks æskja. Umsækjendur senda umsóknir sínar ásamt skilríkjum til formanns sjóðstjórnarinnar.

6. gr.

Tillagi ríkissjóðs samkv. 1. tölulið 4. gr. ásamt tilskildu þriðjungsframlagi á móti, svo og læknisvitjanastyrk samkv. 4. lið 4. gr., má aðeins verja til styrktar hreppsbúum vegna kostnaðar af læknisvitjunum. Hreppsbúar njóta að jafnaði læknis-

47 vitjanastyrkja úr sjóðnum í hlutfalli við kostnað þeirra af læknisvitjunum á árinu. 13. marz Þó geta þeir ekki vænt slíkra styrkja, sem ekki hafa orðið fyrir meiri kostnaði en svo, að hann teljist þeim ekki tilfinnanlegur, miðað við efnahag þeirra og ástæður. Að öðru jöfnu ganga þeir fyrir um styrki, sem lengst og erfiðast eiga til læknis að sækja.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta, eftir því sem við verður komið án þess að stofna því í hættu, og þannig, að sá hluti þess, er verja ber til læknisvitjanastyrkja, sé jafnan handbær, er til þess þarf að taka.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikning fyrir hvert liðið ár skal senda landlækni, áður en tillag ríkisins til sjóðsins verður greitt fyrir næsta ár.

8. gr.

Sjóðstjórnin skal haga þannig starfsemi sjóðsins, að þeir hreppsþúar, sem eru í sjúkrasamlagi, verði að öðru jöfnu eigi verr settir að því, er tekur til aðstoðar sjóðsins, en aðrir hreppsþúar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 13. marz 1946.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

48

13. marz

REGLUGERÐ

fyrir læknisvitjanasjóð Skútustaðahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Skútustaðahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu í Breiðumyrarlæknishéraði og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja til læknisvitjana íbúa Skútustaðahrepps eða auðvelða þeim lækniþóknina á annan hátt, svo og að létta hreppsþúum aðrar sjúkdómsbyrðar og hlynna að heilbrigðismálum hreppsins yfirleitt.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru hreppstjórnin í Skútustaðahreppi og tveir menn aðrir, kosnir af hreppnefnd. Hreppstjórnin er formaður sjóðstjórnarinnar og jafnframt reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tillag ríkissjóðs, er nemur á ári 2 kr. á hvern íbúa Skútustaðahrepps.
2. Tillag hreppsins, er nemur á ári 1 kr. á hvern hreppsþúa.
3. Áheit og gjafir, er sjóðnum kann að áskotnast.
4. Læknisvitjanastyrkir, sem veittir kunna að verða.